

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur um íbúðarhúsnæði í eigu einstaklinga.

1. *Hversu margir einstaklingar töldu fram íbúðarhúsnæði á skattframtali vegna ársins 2008 og hversu margar voru þær fasteignir?*

Samkvæmt upplýsingum frá Skattinum töldu 161.204 einstaklingar fram 204.929 innlendar fasteignir í kafla 4.1 á skattframtali einstaklinga, RSK 1.01, árið 2008.

Rétt þykir að benda á að hjón og samskattað sambúðarfólk telur fram eignir saman og skilar einni eignasíðu með skattframtali. Hér er gengið út frá því að samskattaðir einstaklingar eigi fasteignirnar sem taldar eru fram að jöfnu. Það kann hins vegar að vera að fasteign sé séreign annars sambúðaraðilans. Þá er hér ekki einungis um að ræða íbúðarhúsnæði í fullri eigu framteljanda heldur eru hlutir í fasteign, sumarbústaðir, lóðir og jarðspildur, útihús og annað slíkt einni talið fram í þessum kafla skattframtalsins.

Við samsköttun gildir sú almenna regla að eignir fylgja kennitölu þess maka sem er eldri en í einstökum undantekningartilfellum kunna eignirnar að fylgja yngri makanum. Þessir einstaklingar eru ekki taldir með í töflunni sem birt er sem svar við 2. tölul. fyrirspurnarinnar.

2. *Hversu margir einstaklingar sem töldu fram íbúðarhúsnæði á skattframtali vegna ársins 2008 töldu einnig fram íbúðarhúsnæði á skattframtali vegna eftirtalinna ára og hversu margar voru þær fasteignir:*

- a. 2009,
- b. 2010,
- c. 2011,
- d. 2012,
- e. 2013,
- f. 2014,
- g. 2015,
- h. 2016,
- i. 2017,
- j. 2018,
- k. 2019,
- l. 2020,
- m. 2021?

Eftirfarandi tafla sýnir að af þeim 161.204 framteljendum sem áttu fasteign árið 2008 voru 137.451 enn skattskyldir í álagningu árið 2022, þar af áttu 123.309 fasteign í árslok 2021, ýmist einir sér eða með maka. Þannig má ætla að 14.142 þeirra einstaklinga sem áttu fasteign árið 2008 og voru enn skattskyldir í álagningu árið 2022 hafa ekki átt fasteign þegar lagt var á það árið. Upplýsingarnar byggjast á skattframtölum einstaklinga og miðast þær við stöðu framtalsgagna þann 23. desember 2022. Rétt er að benda á að nokkur hópur framteljenda fellur út við álagningu á hverju ári.

Einstaklingar sem áttu fasteignir 2008–2021.			
<i>Tekjuár</i>	<i>Þar af þeir sem áttu eignir</i>	<i>Þar af skattskyldir við álagningu</i>	<i>Fjöldi eigna</i>
2008	161.204	161.204	204.929
2009	157.260	160.068	173.364
2010	152.761	158.416	170.952
2011	148.749	156.554	168.289
2012	144.995	154.715	165.816
2013	141.263	153.009	157.826
2014	138.139	151.047	155.289
2015	135.148	149.038	153.540
2016	132.430	146.859	150.877
2017	130.120	144.620	148.409
2018	128.465	142.747	147.184
2019	126.827	140.886	145.700
2020	125.119	139.174	144.857
2021	123.309	137.451	144.511